

5. september 1975.

761

Nr. 381.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 223 19. ágúst 1974, um bann við veiði smásildar.

1. gr.

Í stað orðanna „25 cm“ í 1. mgr., 1. gr., 2. gr., 1. og 3. mgr. 3. gr. og 5. gr. komi orðin 27 cm.

2. gr.

Í stað orðanna „Fiskmat ríkisins“ í 6. gr. komi orðin Framleiðslueftirlit sjávarafurða.

3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða reglugerðarinnar orðist þannig:

Á tímabilinu 15. september 1975 til 15. september 1976 eru síldveiðar með öðrum veiðarfærum en reknetum bannaðar á svæði fyrir Suður- og Vesturlandi frá línu, sem dregin er í réttvisandi suðaustur frá Eystra-Horni suður um og vestur fyrir að línu, sem dregin er réttvisandi norðvestur frá Rit.

Þó getur sjávarútvegsráðuneytið á þessu tímabili heimilað veiðar á allt að 7 500 lestum síldar í herpinót og bundið leyfi þeim skilyrðum, er þurfa þykir þ. á m., að síldin skuli söltuð um borð í veiðiskipum og að þessu magni skuli skipt niður á einstök skip.

Síldveiðar með reknetum á þessu svæði skulu því aðeins heimilar, að möskva-stærð netanna sé minnst 63 mm., þegar möskvinn er mældur í votu neti, teygður horna á milli eftir lengd netsins. Komist flöt mælistika 63 mm. breið og 2 mm. þykk þá auðveldlega í gegn.

4. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948, með síðari breytingum, og skal með mál út af brotum farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 5. september 1975.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Þórður Ásgeirsson.